

Rarik ohf  
Dvergshöfða 2  
110 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2023  
UST202308-228/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Rarik ohf, dagsett 23. ágúst 2023, um leyfi til framkvæmda innan svæðisins norðan Dyrfjalla.

Svæði norðan Dyrfjalla er friðlýst sem landslagsverndarsvæði, sbr. [auglýsing nr. 850/2021](#). Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir og mannvirki skal skipuleggja og hanna þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi innan friðlýsta svæðisins. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan verndarsvæðisins eru háðar leyfi sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar auk annarra stofnana eftir því sem við á. Mannvirki skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og falla sem best að svipmóti lands. Efnistaka á svæðinu er óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur í 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að plægja háspennustreng um 2 km leið innan landslagsverndarsvæðisins norðan Dyrfjalla og setja upp jarðspennustöð. Yfirlitsmynd og kort sem sýna fyrirhugaða leið, staðsetningu jarðspennustöðvar og myndir sem sýna gróðurfar á leiðinni fylgdu með umsókn. Tilgangur strenglagnar er að afhending rafmagns í sumarbústað á svæðinu. Háspennustrengur verður lagður að fyrirhugaðri jarðspennustöð og þaðan heimtaugarstrengur að sumarbústaðnum. Ráðgert er að strengurinn verði plægður alla leiðina. Borgarfjarðarvegur 931 verður þveraður á tveimur stöðum og verður hann boraður undir veginn. Strengurinn verður plægður á 90 cm dýpi. Við lagningu strengsins verður þess gætt að valda sem minnstu jarðraski og að sem minnst ummerki eftir framkvæmdirnar sjáist. Við uppsetningu á jarðspennustöðinni þarf að fara í jarðvegskipti og koma fyrir undirstöðu. Spennistöðin verður staðsett nálægt vegi. Að verkinu kæmu 2 starfsmenn á jarðýtu sem myndi plægja niður strenginn og beltagrafa kæmi á eftir til að lagfæra ummerki um plæginguna. Grafa yrði notuð til að grafa fyrir undirstöðum fyrir jarðspennustöðina og koma henni fyrir. Áætlaður framkvæmdartími er 1 vika og stefnt er að því að verkinu verði lokið fyrir lok október 2023.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar á svæðinu til lengri tíma. Stofnunin metur að framkvæmdinn muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og dýralíf til skamms tíma á meðan framkvæmdir eru í gangi en þau séu

afturkræf sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Umferð gesta er lítil um þann hluta svæðisins sem framkvæmdinn er bundinn við og framkvæmdinn því ekki talin hafa teljandi áhrif á þá nema þar sem leiðinn þverar vegi.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Rarik ohf fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu háspennustrengsins innan landslagsverndarsvæðisins norðan Dyrfjalla sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 1. nóvember 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óparfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskastog um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Einungis skal aka jarðýtu og beltagröfu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin þar sem farið er yfir gróið land en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
***sviðsstjóri***

Lára Björnsdóttir  
***sérfræðingur***